



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-03810/AIG-22**

Dags: **15. júlí 2010**

Staður: **Vík í Mýrdal**

Lýsing: **Hreyfill missti afl**

Einkaflugmaður var í flugi um Suðurland á flugvélinni TF-FTS (Cessna 152), þar sem hann fór frá Reykjavíkurflugvelli kl. 10:07 um Klaustur og áætlaði vera á flugi í 3.5 klst. Þegar flugvélin var við Vík í Mýrdal varð flugmaðurinn skyndilega var við hvell frá hreyflinum og missti hreyfillinn um leið afl niður í 1500–1800 snún/mín (RPM). Flugmaðurinn snéri þá til flugvallarins í Vík í Mýrdal og lenti þar. Við rannsóknina kom í ljós að ventill hafði brotnað í hreyfli.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.